

## Breytingartillögur

við brtt. á þskj. 1537 [Almannatryggingar og félagsleg aðstoð].

Frá 1. minni hluta heilbrigðis- og trygginganefndar (JGunn, ÁÓÁ, BrM).

1. Við 2. tölul. Á eftir 2. efnismásl. komi tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Landssamband eldri borgara og Öryrkjabandalag Íslands tilnefna hvort um sig einn áheyrnarfulltrúa til tveggja ára í senn með málfrelsi og tillögurétt. Starfsmenn Tryggingastofnunar ríkisins eða samtök þeirra tilnefna einnig einn áheyrnarfulltrúa með sömu réttindi.
2. Við 9. tölul. 2. efnismgr. orðist svo:  
Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. laganna skal skipa stjórn Tryggingastofnunar ríkisins í fyrsta sinn 1. janúar 2005. Fram að þeim tíma skal umboð tryggingaráðs sem nú situr halda gildi sínu. Ráðherra skal jafnframt setja núverandi forstjóra erindisbréf, sbr. 6. gr. laganna, ekki síðar en 1. janúar 2005.